

Stúlkur eldri flokkur

1. Ingveldur Þorsteinsdóttir, Samhygð 2 v.
2. Hugrún Hlín Gunnarsdóttir, Samhygð 0 v.

Bikarglíma Samhygðar var lokapunktur í glímustarfi vetrarins hjá Umf. Samhygð en rétt er að minna glímufólk Unglingalandsmót UMFÍ sem haldið verður á Hornafirði í sumar en glíman hefur ávallt verið ein keppnisgreina á Unglingalandsmótunum.

Stefán Geirsson

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Þann 11. maí næstkomandi verður haldin hin árlega þriggja félaga kvöldvaka, þ.e. Kvenfélaga Hraungerðishrepps, Gaulverjabæjarhrepps og Villingaholtshrepps og að auki munu væntanlega koma til okkar gestir frá Kvenfélaginu Seltjörn á Seltjarnarnesi. Kvöldvakan verður haldin í Þjórsárveri og hefst hún um náttmál (kl. 21.00) og lýkur sennilega á milli lágnættis (kl.00.00) og óttu (03.00).

Kvenfélagskonur endilega takið kvöldið frá og mætið til að við getum átt saman nota-lega og skemmtilega stund.

Hittumst hressar og kátar.

Stjórn og skemmtinefnd Kvenfélags Villingaholtshrepps

Dagskrá mánaðarins

Íþróttæfing í Þjórsárveri	7. maí
Láta vita um þátttöku í februnarátaki	10. maí
Kvöldvaka kvenfélaga	11. maí
Alþingiskosningar	12. maí
Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar	13. maí
Íþróttæfing við Þjórsárver	16. maí
Boltaæfing við Þjórsárver	17. maí
Panta á Íþrótt- og leikjanámskeið	20. maí
Íþróttæfing við Þjórsárver	23. maí
Boltaæfing við Þjórsárver	24. maí
Fjör í Flóanum	24. – 27. maí
Íþróttæfing við Þjórsárver	30. maí
Boltaæfing við Þjórsárver	31. maí



Á V E I T A N



2. tbl. apríl 2007. 1. árg.

Útgefendur: Umf. Samhygð og Umf. Vaka.

Ábyrgðarmenn: Fanney Ólafsdóttir og Stefán Geirsson.

Netföng: fanneyo@visir.is og stegeir@hotmail.com

Íþrótt- og leikjanámskeið

Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka standa fyrir íþrótt- og leikjanámskeiði í sumar í samstarfi við HSK. Námskeiðið stendur yfir dagana 11.-21. júní frá kl. 9:00-11:30, alls 9 skipti. Mikil áhersla verður lögð á að kenna leiki og sem flestar íþróttgreinar á námskeiðinu, svo sem knattspyrnu, frjálsar íþróttir, hjóltreiddar, gönguferðir, körfuknattleik, ýmsar þrautir og margt fleira. Kennt verður á íþróttasvæðinu við Þjórsárver.

Námskeiðið er ætlað börnum á aldrinum 6-12 ára þ.e. þeim sem fædd eru á árunum 1995-2001. Foreldrar greiða kr. 3.000 pr. barn en ungmennafélögin niðurgreiða afganginn, hvert fyrir sína félaga.

Námskeiðshald af þessu tagi er nýbreytni í starfi félaganna og eru foreldrar hvattir til að leyfa sem flestum að vera með. Tilvalið er að tala sig saman og skiptist á að keyra. Skráningar berist fyrir 20. maí til þessarar:

Umf. Baldur: Trausti s. 865 9284

Umf. Vaka: Sigmar s. 696 8653

Umf. Samhygð: Stefán s. 867 6907

Ungmennafélögin

Gleðilegt sumar ágætu lesendur!

Hér gefur að líta 2. tölublað *Áveitunnar*, fullt af margvíslegum fréttum úr ýmsum áttum. Eins og áður hefur komið fram er blaðinu dreift um allan Flóahrepp og á sveitabæi í Stokkseyrarhræppi hinum forna án endurgjalds. Einnig fá félagar í ungmennafélögunum Vöku og Samhygð blaðið sent, þeir sem það kjósa. Í gegnum tíðina hafa svo ýmsir aðrir verið áskrifendur af fréttabréfum félaganna, burtfluttir sveitungar og aðrir, og verður svo vonandi áfram.

Með þessu blaði fylgir gíróseðill með áskriftargjaldi til þessara aðila, gjaldið er 1000 kr. fyrir árið, eða það sem nemur tilkostnaði við prentun og pósthúð. Ef einhverjir verða ekki búnir að borga gíróseðilinn um mánaðamótin maí-júní er litið svo á að þeir hafi ekki hug á að fá blaðið sent til sín lengur.

Rétt er að minna á að þeir sem þess óska geta fengið *Áveituna* senda til sín í tölvupósti án endurgjalds og er þeim bent á að senda ritstjórum línu þar um á netföngin: stegeir@hotmail.com eða fanneyo@visir.is

Njótið vel,
Ritstjórar.

Kjörskrá í Flóahreppi vegna alþingiskosninga 12. maí 2007

Sbr. 26. gr. laga um kosningar til Alþings nr. 24/2000 auglýsir sveitarstjórn Flóahrepps að kjörskrá vegna alþingiskosninga þann 12. maí 2007, liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins í Þingborg, almenningi til sýnis frá 30. apríl 2007 til kjördags á skrifstofutíma, frá kl. 9.00-16.00.

Sveitarstjóri

Góður árangur í Héraðsglíma Skarphéðins

Héraðsglíma HSK fór fram á Hvolsvelli að kvöldi föstudagsins 21. apríl. Alls kepptu 49 glímumenn á mótinu frá sex félögum. Umf. Samhygð og Umf. Vaka sendu samanlagt sjö keppendur á mótíð og stóðu þeir sig allir vel. Hér að neðan má sjá árangur glímufólksins og vinninga þeirra en heildarúrslit mótsins má nálgast á www.glima.is.

Stelpur, 11-12 ára, 7 keppendur.

- Guðrún Inga Helgadóttir, Vöku 2,5 v.
- Ásrún Halla Loftsdóttir, Vöku 2 v.
- Margrét Ýr Bárðardóttir, Samhygð 1,5 v.

Stúlkur, 13-14 ára, 5 keppendur.

- Ingveldur Þorsteinsdóttir, Samhygð 1 v.

Strákar, 11-12 ára, 8 keppendur

B-undanriðill

- Sveinn Orri Einarsson, Vöku 1 v.

Piltar, 13-14 ára, 8 keppendur.

- Hlynur Logi Erlingsson, Vöku 5 v.

Skarphéðinsskjöldurinn, 9 keppendur

- Stefán Geirsson, Samhygð 7,5+1 v.

Úrslit Bikarglímu Samhygðar 2007

Bikarglíma Samhygðar var haldin í 20. skipti í Félagslundum Þriðjudagskvöldið 24. apríl sl. Bikarglíman fór fyrst fram 1988 og hefur hún verið haldin árlega síðan þá. Nú keppti átta keppendur í Bikarglímuni, 2 strákar og 6 stúlkur, en þessi hópur hefur skipað kjarnann í æfingaflokknum í vetur. Fjöldi áhorfenda fylgdist með keppninni og hvatti sitt fólk til dáða. Verðlaunapeningar voru veittir fyrir þrjú efstu sæti í hverjum flokki og fengu sigurvegarar í drengjaflokki og eldri flokki stúlkna nýjan farandbikar til varðveislu í eitt ár. Einnig hlaut Guðrún Inga Helgadóttir sérstaka viðurkenningu fyrir góða æfingasókn. Yfirdómari var Jón M. Ívarsson og með honum dæmdu Ólafur Oddur Sigurðsson og Markús Ívarsson. Jón M. og Ólafur veittu einnig verðlaun. Stefán Geirsson sá um glímustjórn. Úrslit urðu þessi:

Drengir

- Hlynur Logi Erlingsson, Vöku 2 v
- Sveinn Orri Einarsson, Vöku 0 v.

Stúlkur yngri flokkur

- Ásrún Halla Loftsdóttir, Vöku 3 v.
- Hrefna Leifsdóttir, Samhygð 1,5 v.
- Margrét Ýr Bárðardóttir, Samhygð 1 v.
- Guðrún Inga Helgadóttir, Vöku 0,5 v.

2	37:57	Stefán Sigtryggson	1970	Laugaskokk
3	39:23	Þórólfur Ingi Þórsson	1976	Hálftími
Karlar 40-49 ára				
1	38:53	Bjartmar Birgisson	1964	ÍR
2	39:25	Guðmann Elísson	1958	ÍR
3	40:40	Daníel Smári Guðmundss.	1961	FH
Karlar 50-59				
1	40:46	Trausti Valdimarsson	1957	Laugaskokk
2	43:18	Sigmundur Stefánsson	1953	Frískir Flóamenn
3	43:22	Magnús Jóhannsson	1954	Frískir Flóamenn
Karlar 60-69 ára				
1	54:30	Gunnar J. Geirsson	1944	NFR
2	56:00	Markús Ívarsson	1947	Samhygð
3	57:09	Aðalsteinn Geirsson	1946	Árbæjarskokk
Karlar 70 ára og eldri				
1	58:04	Ketill Arnar Hannesson	1937	ÍR skokk
2	58:22	Hafsteinn Sæmundsson	1936	Umf. Grindavíkur
3	73:04	Þór Vigfússon	1936	Frískir Flóamenn

Eftirtaldir styrktu hlaupið með vöruútlátum

NÓATÚN

HP FLATKÖKUR

Eftirtaldir aðilar gáfu verðlaun til hlaupsins

Byko

Flóahreppur

Lögmenn Suðurlandi ehf.

Tryggingamiðstöðin

Frískir Flóamenn

Sundhöll Selfoss

Eftirtaldir gáfu styrktarlínu til hlaupsins

Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf.

SET röraverksmiðja hf.

Guðmundur Tyrfingsson ehf

Kaupþing banki

Árvirkinn ehf.

Sigurður Karlsson

Fossvélar



Fjör í Flóanum

Undirbúningur fyrir Fjör í Flóanum dagana 24.-27. maí er í fullum gangi. Ekki eru öll dagskráratríði orðin ljós en þó er vitað að opið hús verður í leikskólanum og hjá Flóahreppi, skemmtun í Flóaskóla, útileikhús í skógarlundi og kannski víðar, gönguferðir að Urriðafossi í Þjórsá og á bökkum Hvítár, hellaskoðun, opið verður í Ullarvinnslnni í gömlu Þingborg og þar getur margt skemmtilegt skeð, nokkur fyrirtæki verða með opið hús og fleira og fleira.

Í félagsheimilinu Þingborg verður sýning og kynning á ýmsu skemmtilegu; handverki og listmunum úti og inni, einkasöfnum, vörum frá Ísplöntum, kettlingum og ungum nýskriðnum úr eggjum. Kvenfélagskonur leiðbeina þeim sem vilja læra að þrjóna og þannig má áfram telja.

Ekki má gleyma glæsilegu laugardagskvöldi í Þingborg með góðum mat sem Rauða húsið sér um, Johanna Wiklund syngur og leikið verður á hljóðfæri, sýndur magadans, tiskusýning frá BLAZE á Selfossi og fleira sem gleður augu, eyru og bragðlauka.

Betur kynnt í blöðum er nær dregur, einnig á www.floahreppur.is. Fólk er hvatt til að taka þátt.

Undirbúningsnefnd

Áttu hvolpa?

Okkur langar að hafa hvolpa til sýnis á sýningunni í Þingborg 25. – 27. maí. Ef þú átt hvolpa á heppilegum aldri og vildir lofa þeim að vera í Þingborg þessa daga, hafðu þá samband við Ingibjörgu húsvörð í síma 691-7082.

Viltu vera með?

Enn er hægt að nýta sér tækifærið og taka þátt í Fjöri í Flóanum. Viltu sýna eða kynna hvað þú ert að gera, hafa opið hús, kynna fyrirtæki?

Dagskrá Fjörs í Flóanum mun birtast í staðarblöðum og bjóðum við þér að nýta tækifærið ef þú vilt setja viðburð inn í dagskrána. Hafðu samband hið snarasta í síma 861-8368 (Anný) eða 892-8202 (Halldóra), netfang hgun@simnet.is

Undirbúningsnefnd

Fréttir frá Flóaskóla

Tíminn sem við eigum eftir í skólanum til vors styttist nú óðum. Apríl mánuður var fljótur að líða enda páskaleyfið í þeim mánuði. Maí mánuður er að ganga í garð og margt á döfnni á þeim tíma sem eftir er til skólaslita, en þau eru 31. maí.

Vikuna 7.-11. maí verður vorskólavika leikskólalabarnanna. Þá fá verðandi 1. bekkingar tækifæri til að spreyta sig á hefðbundnum skólaverkefnum, en með þessari viku lýkur formlegri aðlögun þeirra að skólastarfinu. Á hausti komandi tökum við svo við 1. bekkingum sem þekkja skólann sinn út og inn og eru til í slaginn ☺

Sömu viku og vorskólavikan stendur yfir verður hjá okkur danskur farandkennari. Hann hefur verið á Íslandi í vetur og sinnt vinnu við ýmsa grunnskóla á Suðurlandi, verið frá nokkrum dögum og upp í nokkrar vikur á hverjum stað. Í Flóaskóla mun farandkennarinn koma að dönskukennslu, auk þess sem hann fræðir okkur um Danmörku og danska tungu og kemur að kennslu annarra námsgreina.

Um miðjan maí hefjast próf og annað námsmat. Undir lok maí mánaðar gerum við ráð fyrir góðu veðri og þá ætlum við að vera meira úti við, halda íþróttadag og grillveislu og fara í fjöruferðir. Að auki stendur til að heimasækja söfn og menningarstofnanir í Reykjavík.

Nemendur fá í byrjun maí afhenta reiðhjólahljálmana sína, en nú í lok apríl kom til okkar maður frá BYKO sem mátaði á þau hjálmana og pantaði svo rétta stærð og lit fyrir hvern og einn. Elstu nemendum Krakkaborgar, verðandi 1. bekkingum, verður komið á óvart í vorskólavikunni og þá gefum við þeim hjálma líka.

Þann 3. maí næstkomandi fá allir starfsmenn skólans kynningu á ART meðferðarforminu, sem er það úrræði sem notað hefur verið við vinnu með nemendum í Gaulverjaskóla. ART vinnan í Gaulverjaskóla hefur gengið vel og undanfarið hefur hún verið kynnt fyrir starfsfólki almennra grunnskóla á Suðurlandi.

Nýlega voru skólamyndir teknar af öllum bekkjum skólans. Foreldrar komu í heim sókn til okkar í lok apríl og fylgdust með kennslunni og fengu upplýsingar um hvernig skipulag næsta skólaárs gengur fyrir sig.

Við biðjum ykkur að fara varlega í umferðinni. Þegar vorar og sumrar eru börn oft úti við leik, á reiðhjólum og á hestbaki. Sýnum hvort öðru tillitssemi í umferðinni - sem og annars staðar.

Með sumarkveðjum frá nemendum og starfsfólki Flóaskóla,
Kristín Sigurðardóttir skólastjóri.

Fréttir frá Umf. Samhygð

29. Flóahlaup Umf. Samhygðar

Þann 14. apríl síðastliðinn fór Flóahlaup Samhygðar fram í 29. skipti. Alls tóku 78 hlauparar þátt og hlupu ýmist 3, 5 eða 10 km. Ágætis veður var til hlaupa fyrir utan sterkan mótvind sem tók á móti 10 km hlaupurunum þegar þeir nálgudust markið. Eftir hlaupið var drukkið kaffi í Félagslundu og veitt verðlaun. Helstu úrslit fylgja með hér að neðan en heildarúrslit birtast á www.hlaup.is. Umf. Samhygð vill koma á framfæri bestu þökkum til þeirra sem unnu við hlaupið og þeirra sem styrktu hlaupið með einum eða öðrum hætti og birtast nöfn styrktaraðila hér að neðan.

3 km flokkaúrslit

Röð	Tími	Nafn	Fæð.ár	Félag
Stelpur 14 ára og yngri				
1	12:28	Vera Sigurðardóttir	1994	ÍR
2	13:32	Mekkin Daníelsdóttir	1995	ÍR
3	17:27	Kristín Káradóttir	1995	ÍR
Strákar 14 ára og yngri				
1	14:53	Stígur Zoega	1994	Gerpla
2	15:46	Reynir Zoega	1999	Gerpla
3	16:28	Gabriel Culver	1998	Ármann
Opinn flokkur kvk				
1	15:50	Gríma Guðmundsdóttir	1964	UMFL
2	30:09	Gerd Einarsson	1936	Ármann

5 km flokkaúrslit

Karlar opinn flokkur				
1	21:00	Kristinn Þór Kristinsson	1989	Samhygð
2	23:55	Alfreð Sindri Andrason	1994	Laugaskokk
3	30:34	Trausti Sveinbjörnsson	1946	FH
Konur opinn flokkur				
1	22:43	Eva Einarisdóttir	1971	Ármann
2	27:47	Ragnheiður Gísladóttir	1965	HK-Víkingur
3	27:56	Ágústa H. Gísladóttir	1948	UMFG

10 km flokkaúrslit

Konur 15-39 ára				
1	45:57	Guðbjörg M. Björnsdóttir	1973	Laugaskokk
2	47:48	Bára Agnes Ketilsdóttir	1968	Hádegisskokk
3	51:02	Heiðrún Erna Hlöðversd.	1988	HK-Víkingur
Konur 40 ára og eldri				
1	58:32	Helga Baldursdóttir	1962	Frískir Flóamenn
2	60:37	Halldóra Bergmann	1953	
3	60:46	Bára Ásgeirsdóttir	1959	FH
Karlar 15-39 ára				
1	36:52	Sigurður Hansen	1969	Laugaskokk

Frá Búnaðarfélagi Villingaholtshrepps

Aðalfundur félagsins var haldinn í Þjorsárverri 16. apríl. Lífleg mæting var á fundinn og bættust 8 nýir félagar í hópinn.

Félagið hefur keypt öfluga haughræru og er hún til útleigu hjá Bjarna í Syðri-Gróf. Einnig er félagið að fá nýjan staurabor og verður hann hjá Ólafi á Hurðarbaki. Borinn er festur á ámoksturstæki dráttarvéla og vökvaknúinn. Einnig hefur verið ákveðið að kaupa málningardælu og mun Kristján í Foræti hafa umsjón með útleigu á henni. Hnifaherfi og diskaherfi félagsins eru til sölu.

Á aðalfundi Búnaðarsambands Suðurlands kom fram að árið 2008 verður Búnaðarsambandið 100 ára. Í tilefni af því verður m.a. efnt til landbúnaðarsýningar, einnig er í ráði að skipuleggja þrjár utanlandsferðir fyrir félagsmenn. Hrossabændur á hrossasýningu, sauðfjarbændur til Skotlands í fræðsluferð og kúabændur til Hollands að skoða nautgripærækt og fleira. Vegna þessarar ferðamöguleika verður Skotlandsferð Búnaðarfélagsins 2008 frestað að sinni.

Í ráði er að halda skyndihjálparnámskeið í haust ásamt fleirum. Einnig verður athugað með skotvopnanámskeið í janúar n.k. Á aðalfundi Ræktunarsambands Flóa og Skeiða var samþykkt tillaga stjórnar um arðgreiðslur til hluthafa sem færa Búnaðarfélagunum í Flóa og Skeiðum 8 milljónir í arð á árinu. Um helmingur þess er greitt í formi lóðar í Hagalandi á Selfossi. Að lokum er frá því að segja að félagið hyggst efna til árshátíðar fyrir félagsmenn og gesti. Ekki hefur verið ákveðið hvenær en það verður auglýst síðar.

Með sumarkveðju, stjórnin

Hreinsunarátak

Flóahreppur mun í samráði við Íslenska Gámafélagið, standa fyrir hreinsunarátaki í júní.

Þeir íbúar sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu, geta óskað eftir gámum í einn sólarhring fyrir járn og timbur. Ekki verður innheimt greiðsla fyrir gámana hjá þeim aðilum sem panta þá fyrir 25. maí n.k.

Nú er um að gera að láta hendur standa fram úr ermum og laga til hjá sér. Þeir sem vilja nýta sér það að fá gáma sér að kostnaðarlausu, hafi samband við skrifstofu Flóahrepps í síma 482-3260 fyrir 25. maí.

Með von um að þetta mælist vel fyrir.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri

Draumurinn búinn

Nú er sýningum á gamanleiknum Draumur á Jónsmessunótt lokið. Alls urðu sýningarnar 11 talsins og tókust þær allar vel. Í upphafi var það markmið sett, að reyna að fá 500 gesti á sýninguna. Því markmiði var náð og vel það, því í heildina komu 590 manns á gamanleikinn. Ljóst er að ekki verður hægt að ganga endanlega frá reikningum sýningarinnar fyrr en í árslok þar sem ýmsir þættir koma ekki í ljós fyrr en þá.

Vinna við leiksýninguna er búin að vera mikil og byrjaði í lok síðasta árs. Í janúar hófst svo vinnan fyrir alvöru bæði hjá leikurum en einnig hjá þeim sem sáu um smíðar, búningahönnun, ljósamál, auglýsingar, leikskrá og svo mætti lengi telja. Þessi mikla vinna hefur svo sannarlega skilað sér því sýningin vakti mikla athygli og hlaut lofsamlega gagnrýni víða.

Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka þakka öllum þeim sem tóku á einn eða annan hátt þátt í þessu skemmtilega verkefni. Takk fyrir allt.

Ungmennafélögin

Viðgerð á þaki leikskóla

Flóahreppur auglýsir eftir aðila til að taka að sér viðgerð á þaki leikskólans Krakkaborgar.

Verkið þarf helst að framkvæma í júlí þegar sumarfríslokun er í leikskóla.

Áhugasamir eru bednir um að hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins í síma 482-3260 eða með tölvupósti, floahreppur@floahreppur.is fyrir 10. maí n.k. Þeim verður í kjölfarið send verðkönnunargögn.

Margrét Sigurðardóttir

Starfsmaður óskast

Félagsheimilið Þjorsárver óskar eftir starfsmanni til að sjá um lóðaslátt o.fl. í sumar. Nánari upplýsingar veitir umsjónarmaður í síma 862 2345.

Félagsheimilið Þjorsárver

Kvígur

Hef til sölu tvær kvígur. Burðartími í maí. Upplýsingar hjá Bjarna í Syðri-Gróf, s. 846-3411.

Frá Búnaðarfélagi Gaulverjabæjarhrepps

Umhverfis- og feegrúnaráttak

Búnaðarfélag Gaulverjabæjarhrepps hefur ákveðið að taka þátt í nýjum flokki þróunar- og jarðabótaverkefna hjá Búnaðarfélagi Íslands sem nefnist „Umhverfis- og feegrúnaráttak í sveitum.“

Úthlutunarreglur eru svohljóðandi:

Verkefnaflokkur 5. Umhverfis- og feegrúnaráttak í sveitum

Framlag fæst til eftirtalinnna áttaksverkefna:

A. Til að fjarlægja brotajárn af bújörðum.

B. Til að hreinsa burt ónýtar, aflagðar girðingar.

C. Til að rífa og hreinsa burt ónýtar byggingar á jörðum.

Framlag getur numið;

A. Nái áttakið til allt að 20 bújarða á félagssvæðinu er framlagið allt að 500.000,

B. Nái áttakið til 21 - 40 bújarða er framlagið allt að kr. 650.000

C. Nái áttakið til 41 jarðar eða fleiri er framlagið allt að kr. 800.000.

Hlutfallslegt framlag er greitt eftir fjölda bújarða innan ofangreindra flokka. Skilyrði er að umhverfisáttakið fari fram á vegum búnaðarfélagss eða búnaðarsambands. Áttakið skal vinna á grundvelli fyrirfram gerðrar framkvæmdáætlunar. Sérstakt form verður útbúið fyrir áætlunina. Framlög fást ekki greidd fyrr en framkvæmdin er fullunnin og tekin út af héraðsráðunaut. Ekki er greitt framlag út á sömu jörð nema einu sinni. Áttakið nær jafnt til eyðibýla sem jarða í ábúð. Umsækjendur um framlag úr þessum flokki eru aðeins búnaðarfélag eða búnaðarsambönd.

Félagsmenn eru eindregið hvattir til að taka þátt í þessu verkefni og tekið skal fram að engar kvaðir eru um hvað þarf að gera mikið. Styrkupp hæð á hvert bú er ekki há en víst er að krónurnar nýtast betur ef fólk hefur með sér samvinnu um vinna að því umhverfis- og feegrúnaráttaksverkefni sem það kys.

Þeir sem eru áhugasamir um að taka þátt í þessu er vinsamlega beðnir um að láta vita fyrir **10. maí** til stjórnarmanna í Búnaðarfélaginu, en þeir eru:

Bragi Ásgeirsson, Selparti	4863398
Bragi Birgisson, Efri Gegnishólum	4863371
Þorsteinn Ágústsson, Syðra Velli	4863377

Tækjakaup!

Búnaðarfélag Gaulverja festi nýverið kaup á Samson alhliða dreifara fyrir sand og skít. Dreifarinn er væntanlegur í kringum 10. maí nk. Hann verður staðsettur hjá formanni félagsins, Braga í Selparti.

Víðavangshlaup Umf. Vöku

Haldið á Þjórsárbökkum sumardaginn fyrsta 2007

1. Haraldur Einarsson	4,08	37. Hlynur Logi Erlingsson	11,22
2. Guðbergur Kristjánsson	4,23	38. Sölvi Ólafsson	11,22
3. Reynir Bjarkason	4,24	39. Kristín Stefánsdóttir	12,02
4. Ásmundur Ingjaldsson	4,35	40. Kári Kristjánsson	12,03
5. Örvar Rafn Hlíðdal	4,55	41. Ýmir Atlason	12,09
6. Guðjón Sigurliði Sigurðsson	5,16	42. Bryndís Ólafsdóttir	12,10
7. Halldór Bjarnason	5,27	43. Dagur Fannar Einarsson	13,50
8. Sveinn Orri Einarsson	5,49	44. Lilja Böðvarsdóttir	13,51
9. Þórdís Ólöf Sigurjónsdóttir	5,55	45. Valgerður Gestsdóttir	13,51
10. Erlingur Snær Loftsson	6,00	46. Eiríkur Árnason	16,20
11. Þorgils Kári Sigurðsson	6,18	47. Anna Guðbergsdóttir	16,21
12. Arnar Einarsson	6,27	48. Kolbrún Katla Jónsdóttir	16,35
13. Unnur Bjarkadóttir	6,34	49. Soffía Náttól Andradóttir	16,42
14. Hulda Kristjánsdóttir	6,37	50. Kristján Gestsson	16,42
15. Unnur Jónsdóttir	6,37	51. Erna Jóhannsdóttir	16,52
16. Sigmar Örn Aðalsteinnsson	6,37	52. Sigurbjörg Eva Ernudóttir	17,00
17. Arnar Snær Erlingsson	6,40	53. Anna Fía Ólafsdóttir	17,02
18. Signý Kristín Sigurjónsdóttir	6,41	54. Unnsteinn Reynisson	17,05
19. Ólafur Þorri Sigurjónsson	7,02	55. Fanney Ólafsdóttir	17,06
20. Víkingur Freyr Erlingsson	7,03	56. Embla María Böðvarsdóttir	17,14
21. Jón Gautason	7,10	57. Agnes Þorsteinsdóttir	17,15
22. Anna Kristín Kristjánsdóttir	7,11	58. Sæþór Atlason	17,50
23. Sigurbjörg Eva Sigurðardóttir	7,13	59. Atli Erlendsson	17,52
24. Laufey Einarsdóttir	7,19	60. Elizabeth Bogans	20,14
25. Ægir Atlason	7,22	61. Kristín Sigurðardóttir	20,14
26. Ásrún Halla Loftsdóttir	7,28	62. Elías Örn Jónsson	20,14
27. Aðalsteinn Sveinsson	7,52	63. Þórhildur Rúnarsdóttir	20,14
28. Jón Þór Pálsson	10,00	64. Pétur Þór Brynjólfsson	22,35
29. Daniel Aron Davíðsson	10,01	65. Heinz Jóhann Brynjólfsson	22,42
30. Þráinn Eliásson	10,12	66. Pia Schmauder	22,47
31. Sigurður Bogans	10,42	67. Marta Brynjólfsdóttir	22,54
32. Guðmundur Bjarki Sigurðsson	10,46	68. Aldis Tanja Söndrudóttir	23,00
33. Ingunn Harpa Bjarkadóttir	10,49	69. Sveinn Þórarinnsson	23,00
34. Hugi Snær Jónsson	11,10	70. Sandra Dís Sigurðardóttir	23,00
35. Jóhann Helgi Hlöðversson	11,12		
36. Margrét Ormsdóttir	11,17		

Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar

Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar verður haldinn að lokinni messu sem hefst kl. 13:30 í Villingaholtskirkju, sunnudaginn 13. maí nk. Sóknarnefnd.

Fréttir frá Vöku

Íþróttæfingar

Nú fer inniaefingum að ljúka og útiæfingar taka við. Síðasta æfingin hjá Halla verður mánudagskvöldið 7. maí í Þjórsárveri. Hulda Kristjánsdóttir ætlar að stjórna útiæfingum á miðvikudagskvöldum í sumar. Fyrsta æfingin hjá henni verður miðvikudagskvöldið 16. maí kl. 20:00 – 21:30. Æfingarnar eru fyrir allan aldur, 6 ára og eldri. Eldra frjálsíþróttafólk er sérstaklega hvatt til að mæta og æfa fyrir mótin sem framundan eru í sumar, Héraðsmót, Landsmót og Samhygðar og Vökumót.

Boltaæfingar

Boltaæfingar fyrir unga sem aldna verða á fimmtudagskvöldum í sumar frá kl. 20:30 – 22:00. Fyrsta æfingin verður fimmtudaginn 17. maí. Umf. Vaka hefur nú fest kaup á nýjum fótoltamörkum svo aðstæður eru orðnar mjög góðar fyrir fótoltaiðkun.

Íþróttanefnd

Frestun á skautiferð

Skemmtinefnd hafa borist fyrirspurnir að undanfögnu um hvort ekki eigi að fara í skautiferð á vegum félagsins í ár. Sökum anna í leiklistarstarfi og öðru var ákveðið að halda skautiferðina í október.

GÓ

Körfubolti

UMF Vaka tók þátt í Héraðsmóti karla í körfubolta sem haldið var í Þykkvabæ 14. apríl sl. Fimm lið voru mætt til leiks og endaði Vaka í þriðja sæti. Í liði Vöku voru Guðbergur Kristjánsson, Haraldur Einarsson, Rúnar Hjálmarsson, Davíð Þór Guðlaugsson, Axel Páll Einarsson og Björn Kristinn Pálmarsson.

Spilað var í körfuboltabúningum Vöku en þeir eru nú komnir í leitirnar og verða geymdir í Vökuskápnum í Þjórsárveri. Stigahæstu menn liggja ekki fyrir en Rúnar Hjálmarsson fékk 13 villur af 16 mögulegum.

Úrslit leikja:

Vaka - Hrunamenn 33 - 41
Árborg - Vaka 38 - 13
Vaka - Gnúpverjar 55 - 13
Hekla - Vaka 28 - 30

Lokastaðan í mótinu:

1. Árborg 8 stig
2. Hrunamenn 6 stig
3. Vaka 4 stig
4. Hekla 2 stig

HE

Pingborgarmót 1. maí 2007, úrslit

Langstökk án atrennu:

Hnátur 10 ára og yngri

1. Helga Margrét Höskuldsdóttir	Baldri	1,65 m
2. Eyrún Gautadóttir	Baldri	1,55 m
3. Sunna Skeggjádóttir	Baldri	1,54 m
4. Agnes Björg Birgisdóttir	Baldri	1,19 m
5. Kolbrún Katla Jónsdóttir	Vöku	0,98 m
6. Ingibjörg Hugrún Jóhannesdóttir	Baldri	0,83 m

Hnokkar 10 ára og yngri

1. Ægir Atlason	Vöku	1,62 m
2. Jón Þór Pálsson	Vöku	1,56 m
3. Stefán Narfi Bjarnason	Baldri	1,54 m
4. Hannes Höskuldsson	Baldri	1,43 m
5. Hólmar Höskuldsson	Baldri	1,41 m
6. Þorgils Kári Sigurðsson	Vöku	1,33 m
7. Sigurður Andri Jóhannesson	Baldri	1,29 m

Stelpur 11-12 ára

1. Aldís Baldursdóttir	Samhygð	1,80 m
2. Gunnhildur Gísladóttir	Baldri	1,79 m
3. Harpa Almarsdóttir	Baldri	1,63 m
4. Birgitta Kristín Bjarnadóttir	Baldri	1,63 m
5. Hjördís Björg Viðjudóttir	Baldri	1,51 m

Strákar 11-12 ára

1. Arnar Einarsson	Vöku	1,80 m
2. Víkingur Freyr Erlingsson	Vöku	1,69 m
3. Sveinn Orri Einarsson	Vöku	1,62 m

Telpur 13-14 ára

1. Heiðrún Stella Þorvaldsdóttir	Baldri	2,17 m
2. Krístrún Steinþórsdóttir	Baldri	1,94 m
3. Birna Almarsdóttir	Baldri	1,83 m
4. Iðunn Sigurðardóttir	Baldri	1,38 m

Piltar 13-14 ára

1. Gísli Gautason	Baldri	2,08 m
2. Hlynur Logi Erlingsson	Vöku	1,74 m
3. Guðmundur Bjarnason	Baldri	1,69 m

Meyjar 15-16 ára

1. Þrúður Sigurðardóttir	Baldri	1,84 m
--------------------------	--------	--------

Sveinar 15-16 ára

1. Árni Steinn Steinþórsson	Baldri	2,38 m
-----------------------------	--------	--------

Kúluvarp

Hnátur 10 ára og yngri

1. Helga Margrét Höskuldsdóttir	Baldri	4,50 m
2. Sunna Skeggjádóttir	Baldri	3,95 m
3. Eyrún Gautadóttir	Baldri	2,60 m
4. Agnes Björg Birgisdóttir	Baldri	2,36 m

5. Kolbrún Katla Jónsdóttir	Vöku	1,35 m
6. Ingibjörg Hugrún Jóhannesdóttir	Baldri	1,02 m
<u>Hnokkar 10 ára og yngri</u>		
1. Jón Þór Pálsson	Vöku	6,07 m
2. Ægir Atlason	Vöku	5,32 m
3. Þorgils Kári Sigurðsson	Vöku	5,18 m
4. Sigurður Andri Jóhannesson	Baldri	5,12 m
5. Hannes Höskuldsson	Baldri	4,90 m
6. Hólmar Höskuldsson	Baldri	4,52 m
7. Stefán Narfi Bjarnason	Baldri	3,84 m
<u>Stelpur 11-12 ára</u>		
1. Aldís Baldursdóttir	Samhygð	6,35 m
2. Gunnhildur Gísladóttir	Baldri	6,22 m
3. Harpa Almarsdóttir	Baldri	5,44 m
4. Hjördís Björg Viðjudóttir	Baldri	4,83 m
5. Birgitta Kristín Bjarnadóttir	Baldri	3,52 m
<u>Strákar 11-12 ára</u>		
1. Víkingur Freyr Erlingsson	Vöku	7,67 m
2. Sveinn Orri Einarsson	Vöku	6,23 m
3. Arnar Einarsson	Vöku	6,01 m
<u>Telpur 13-14 ára</u>		
1. Krístrún Steinþórsdóttir	Baldri	8,58 m
2. Heiðrún Stella Þorvaldsdóttir	Baldri	7,48 m
3. Iðunn Sigurðardóttir	Baldri	5,41 m
4. Birna Almarsdóttir	Baldri	4,92 m
<u>Piltar 13-14 ára, 3 kg</u>		
1. Hlynur Logi Erlingsson	Vöku	9,63 m
2. Gísli Gautason	Baldri	9,25 m
3. Guðmundur Bjarnason	Baldri	8,19 m
<u>Meyjar 15-16 ára</u>		
1. Þrúður Sigurðardóttir	Baldri	4,84 m
<u>Sveinar 15-16 ára</u>		
1. Árni Steinn Steinþórsson	Baldri	10,71 m
<u>Hástökk</u>		
<u>Stelpur 11-12 ára</u>		
1. Aldís Baldursdóttir	Samhygð	1,15 m
2. Gunnhildur Gísladóttir	Baldri	1,10 m
3. Harpa Almarsdóttir	Baldri	1,00 m
4. Hjördís Björg Viðjudóttir	Baldri	1,00 m
5. Birgitta Kristín Bjarnadóttir	Baldri	1,00 m
<u>Strákar 11-12 ára</u>		
1. Arnar Einarsson	Vöku	1,05 m
2. Víkingur Freyr Erlingsson	Vöku	1,00 m
3. Sveinn Orri Einarsson	Vöku	1,00 m
<u>Telpur 13-14 ára</u>		
1. Krístrún Steinþórsdóttir	Baldri	1,35 m
2. Heiðrún Stella Þorvaldsdóttir	Baldri	1,10 m

3. Iðunn Sigurðardóttir	Baldri	1,00 m
4. Birna Almarsdóttir	Baldri	0,95 m
<u>Piltar 13-14 ára</u>		
1. Gísli Gautason	Baldri	1,40 m
2. Hlynur Logi Erlingsson	Vöku	1,10 m
3. Guðmundur Bjarnason	Baldri	1,05 m
<u>Meyjar 15-16 ára</u>		
1. Þrúður Sigurðardóttir	Baldri	1,20 m
<u>Sveinar 15-16 ára</u>		
1. Árni Steinn Steinþórsson	Baldri	1,40 m
<u>Þristökk</u>		
<u>Telpur 13-14 ára</u>		
1. Heiðrún Stella Þorvaldsdóttir	Baldri	6,07 m
2. Krístrún Steinþórsdóttir	Baldri	5,59 m
3. Birna Almarsdóttir	Baldri	5,28 m
4. Iðunn Sigurðardóttir	Baldri	4,17 m
Gunnildur Gísladóttir	Gestur	5,21 m
<u>Piltar 13-14 ára</u>		
1. Gísli Gautason	Baldri	6,88 m
2. Guðmundur Bjarnason	Baldri	4,86 m
3. Hlynur Logi Erlingsosn	Vöku	4,75 m
<u>Meyjar 15-16 ára</u>		
1. Þrúður Sigurðardóttir	Baldri	5,08 m
<u>Sveinar 15-16 ára</u>		
1. Árni Steinn Steinþórsson	Baldri	6,47 m

Lokastaða:

1. Umf. Baldur	255 stig
2. Umf. Vaka	96 stig
3. Umf. Samhygð	18 stig

Kjörskrá

Þegar sveitarstjórn Flóahrepps fór yfir kjörskrárstofn vegna alþingiskosninga vakti það athygli að nokkrir íbúar sveitarfélagsins, af erlendum uppruna, eru ekki á kjörskrá.

Erlendir ríkisborgarar eiga ekki kosningarrétt við alþingiskosningar og eru því ekki á kjörskrárstofni.

Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér betur umsókn um íslenskan ríkisborgarrétt er bent er á lög nr. 100/1952 og breytingu á þeim lögum nr. 62/1998.

Sveitarstjóri